



Stjórnarfundur 7. október kl 16:00

Fjarfundur: Anna Eyjólfss, Pétur, Anna Rún og Þóra
Lísa Björg og Anna Rún rita fundargerð.

Fundarefni:

Óánægja listasafnanna með greiðslur til listamanna fyrir listamannspjall

Anna fór á fund hjá safnaráði þar sem þau lýstu yfir óánægju sinni yfir því að þau hefðu ekki efni á því að bjóða upp á listamannspjall vegna takmarkaðs fjármagns.

Sett verði inn í samning við listamann að gert er kröfu um þátttöku í leiðsögn / listamannspjall. Vanda þarf samningsgerð og fara yfir auka þóknunir fyrir listamannspjall o.fl. Það sé eðlilegt að ef að sófnin eru með væntingar til listamanna að það sé inni í samningi ákvæði um það hvort að listamaður vilji vera með spjall eða ekki, en að greitt verði fyrir það samkvæmt taxta SÍM.

Mæting stjórnar á viðburði

Mæting stjórnar á viðburði á vegum SÍM hefur ekki verið nógu góð. Hvatning til stjórnar að sýna meiri áhuga á starfsemi SÍM.

Sagt frá afmælissýningu í Hafnarstræti

Allir aðstandendur sýningarinnar mjög ánægðir, bæði sýningarstjóri og listamenn, en einnig Reykjavíkurborg og Borgarsögusafn. Það tókst mjög vel til að beita borgina þrýstingi um að gera upp húsið, og er margt búið að gera bæði að innan og utan til betrubætur á húsnæðinu. Hefur aukið sýnileika hússins og starfseminnar í húsinu.

Gestaíbúðir í Aþenu og Berlín

Ákvörðun um það hvort að leggja eigi niður gestaíbúðina í Aþenu. SÍM hefur engan hagnað af þessu umfram það að veita þjónustu við listamenn. Gefa eigenda tækifæri að leigja hana út sjálf og auglýsa hjá SÍM en að hún sjálf sjái um allan rekstur. Hún hefur samþykkt það.

Áhugaverðara fyrir félagið að mynda sambönd við aðila og fyrirtæki sem eru að reka gestavinnustofur. Vantar tengsl við samfélag og grasrótastarfsemi á staðnum. SÍM eigi ekki að vera að stunda leigu á íbúðum erlendis til framleigu til listamanna, heldur leitist eftir samstarfi við listamiðstöðvar og stofnanir. Vantar upplýsingar til þess að taka skýra ákvörðun um þetta mál.

Aukafundur með Ingibjörgu síðar og ákvörðun verði tekin þá.

Félagsfundur SÍM

Sagt stuttlega frá félagsfundi SÍM um einróma álit um að sýningarstjórar og aðrir fagaðilar eigi ekki að fá aðild að SÍM.



Siðareglur SÍM

Fara þarf yfir reglur fyrir stjórn SÍM og þá sem sitja í nefndum og ráðum fyrir hönd SÍM. Verklagsreglur stjórnar, hvert er hlutverk stjórnarmanna og hvers er ætlast til af þeim. Mikilvægt að SÍM kalli eftir skýrslu frá nefndarmönnum í lok tímabils.

Listskreytingarstjóður

Listskreytingarsjóður hefur ekki gert um leigu á geymslu verka sem er rekin á vegum SÍM. Myndlistarsjóður hefur kallað eftir gögnum frá SÍM. Stjórn leggst gegn því að SÍM haldi eftir gögnum til að knýja fram leigu frá Ríkinu. Ef til er leigusamningur verður reikningur settur í innheimtu. Ef ekki er til leigusamningur þá þarf að skoða hvernig hægt er að innheimta 7 ár af ógreiddu geymslurými.

Önnur mál

Verk gefin SÍM af þeim sem sýndu á TORG Listamessu fyrir einhverjum árum til kaupa á ljósum á Korpúlfstöðum. Verkið hennar Rögnu Róbertsdóttur í garðinum í Hafnarstræti. Stjórn vekur athygli á að ekki eru til staðar reglur utan um verk sem gefin eru félaginu. Gæta verður jafnræðis í þessum málum og SÍM er ábyrgðaraðili að verkunum,

Laun stjórnar SÍM eru ekki samkvæmt taxta SÍM. Lagt fram að greitt verði fyrir tvo tíma og áréttað að rekstrarfélagið greiði helming launanna. Frjáls mæting varamanna, ef þeir komast. Formaður leggur til að niðurstaða verði tekin á næsta fundi.

Kallað eftir rekstrarfundi með Ingibjörgu um allt sem viðkemur vinnustofum og íbúðum á vegum SÍM á erlendri grundu. Formaður býinn að láta í ljós skoðun sína á því að Ingibjörg eigi að vera rekstrarstjóri en ekki framkvæmdastjóri.

Spurning sem komið hefur frá meðlimi um að Sýningarsalur SÍM geti verið meðlimur á Artfacts.